


## **Deildará 1995**

Tumi Tómasson

Hólum, desember 1995

VMST-N/95013




**VEIÐIMÁLASTOFNUN**  
Norðurlandsdeild

## **Deildará 1995**

Tumi Tómasson

Hólum, desember 1995

VMST-N/95013



**Veiðimálastofnun  
Norðurlandsdeild**

Hólum í Hjaltadal  
551 Sauðárkrókur  
Sími: 453 6599  
Fax: 453 6301

## Deildará 1995

### Inngangur

Dagana 9. og 11. ágúst 1995 var gerð athugun á ástandi seiðastofna í Fremri og Ytri Deildará á Sléttu. Athugunin beindist einkum að stofni laxaseiða, útbreiðslu hvers árgangs, vexti og þéttleika. Meða slíkum athugunum fæst vitneskja um hvernig uppeldismöguleikar ánnar nýtast laxinum og hvort ástæða sé til að grípa til einhverra aðgerða.

Á undanförnum árum hefur gönguhindrun verið komið fyrir á veiðitímanum ofarlega í Ytri Deildará til að reyna að halda laxinum sem lengst inni í veiðinni, en annars leitar hann í töluluverðum mæli upp í Deildarvatn þar sem hann liggar fram eftir sumri. Hindrunin er tekin upp í lok veiðítímans, en það er ástæða til að fylgjast sérstaklega með viðgangi laxins í Fremri Deildará, því ekki eru allir á eitt sáttir um þessu aðgerð og sumir telja að hún geti skaðað laxastofn Fremri Deildarár og þar með laxgengd um Ytri Deildará einnig.

Athuganir á seiðastofnum ánnar hafa áður verið gerðar af Veiðimálastofnun árin 1990 og 1993 (Tumi Tómasson 1990, 1993). Í fyrri athuguninni voru fiskistofnar Ytra Deildarvatns einnig kannaðir. Í skýrslunum er að finna lýsingu á vatnasvæðinu, einkum þó á ánum með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir laxaseiði, sem ekki verður endurtekin hér.

### Veiði í Deildará

Samkvæmt skýrslum Veiðimálastofnunar veiddust að meðaltali í Deildará 175 laxar á ári á árunum 1974-1994 (Guðni Guðbergsson 1995). Á þessum tíma fór veiðin upp fyrir 200 laxa fjórum sinnum og tvisvar yfir 300 laxa, þ.e. árin 1978 (357) og 1993 (391). Fimm sinnum hefur veiðin verið undir 100 löxum á þessu timabili, þ.e. árin 1981-84 og árið 1991. Minnst varð veiðin 27 laxar árið 1982.

Sé litið til samsetningu veiðinnar hin síðari ár sést að uppistaðan í veiðinni er oftast smálax og yfirleitt má reikna með að stórlaxaveiðin sé um 40-50 % af smálaxaveiði ársins á undan. Þó skilaði gönguseiðaárgangurinn sem gekk til sjávar 1992 metveiði af smálaxi ári síðar, en tiltölulega fáum stórlökum árið 1994, og gönguseiðaárgangurinn sem fór út ári síðar skilaði einnig tiltölulega fáum stórlökum (smálax 1994, stórlax 1995, Tafla 1).

Ekki er skráð mikil veiði af silungi í ánni, en gera má ráð fyrir að bókun þeirrar veiði sé eitthvað ábótavant. Lax er þó ríkjandi tegund á ánum og veiðin endurspeglar það.

## Aðferðir

Alls var rafveitt á níu stöðum. Af þeim voru átta hinir sömu og veitt var á árið 1993, en bætt var við einum stað í Ytri Deildará. Því var veitt þessu sinni á fjórum stöðum í Fremri Deildará og fimm í Ytri Deildará. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1). Á kortið eru einnig merkt helstu uppeldissvæði laxaseiða í ánum, þar sem botn er grýttur og skjólmikill en straumur góður. Rafveiðistaðirnir eru valdir þannig að sem best yfirsýn fáist yfir ástand seiðastofna á þeim svæðum sem best henta laxaseiðum.

Rafveiðisvæðin eru frá 180-330 m<sup>2</sup>. Veidd var ein yfirferð og öll seiði sem veiddust deyfð, þau greind til tegunda og lengdarmæld. Aldurssýni voru tekin af hluta aflans, en flestum seiðunum var sleppt aftur í ána eftir að þau höfðu jafnað sig.

## Niðurstöður

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 2 og á Myndum 2 og 3. Laxaseiði voru allstaðar ríkjandi í veiðinni. Vorgömum laxaseiði veiddust á öllum stöðunum, en þó var erfitt að greina að vorgömum laxa- og urriðaseiði á tveimur efstu stöðunum í Fremri Deildará. Þó má álykta að þessi árgangur hafi mikla útbreiðslu í báðum ánum og að hann verði að líkendum fjölliðaður.

Í Fremri Deildará var mjög áberandi hvað botninn var stamur og snauður neðantil, en ástandið batnaði eftir því sem ofar dró og nær Efra Deildarvatni. Þetta ástand endurspeglast í holdafari seiðanna. Seiðin á stöðum 0 og 1 voru mun vænni og í betri holdum en seiðin á stöðum 2 og 3. Á Mynd 2 kemur glöggt fram hvernig jafngömul seiði, eldri en 0+ eru minni eftir því sem neðar dregur í Fremri Deildará. Jafnframt einkennir það seiðastofna árinnar nú hve þéttleiki 1+ og 2+ seiða er lágor, og reyndar fundust 2+ seiði (klak 1993) ekki á stað 3. Hinsvegar var þéttleiki 3+ og eldri seiða meiri nú en í athugununum 1993, en árið 1990 var þéttleiki þessa aldurshóps svipaður á stöðum 1 og 2, en mun meiri á stað 3.

Seiðin í Ytri Deildará voru allstaðar mjög væn, einkum þó við útfall Deildarvatns (staður 4) og neðst (staður 7). Miðað við niðurstöðurnar 1993 veiddust nú mun færri 2+ seiði, en hinsvegar var meira af eldri seiðum í afla og 2+ og 3+ seiði voru mun smærri nú en þá.

Stór gönguseiði sáust í töluverðu magni á stað 4, við útfall Deildarvatns. Bitmýið var að klekjast út og þarna var einnig mikið af stórum bleikjum og urriðum úr vatninu. Stærð og aldur gönguseiðanna sem þarna veiddust benda til að þau hafi verið úr Fremri Deildará.

Urriðaseiði veiddust um alla á en hvergi í miklum mæli. Mest veiddist næst útföllum vatnanna, þ.e. á stöðum 0 og 1 í Fremri Deildará og stað 4 í Ytri Deildará (Tafla 2). Lítið bar á bleikjuseiðum, en þau veiddust einungis á tveimur stöðum, mest á stað 4.

## Umraða

Þegar litið er á niðurstöðurnar er rétt að hafa til hliðsjónar tíðarfarið eins og það hefur verið hin síðari ár. Sumarið 1993 var afspryrnu kallt. Seiði komu seint úr klaki það sumar og voru því tiltölulega smá þegar vetur gekk í garð. Sumarið 1994 voraði mjög seint, en

langvarandi vorkuldar hafa einkum slæm áhrif á minnstu seiðin sem þurfa hlýrra vatn til að geta næst en stærri seiði. Þessi atburðarás olli því að árgangurinn sem klaktist út 1993, þ.e. þau seiði sem nú eru 2+, varð tiltölulega rýr. Verst varð hann úti í neðri hluta Fremri Deildarár þar sem áhrifa vatnsins gætir minnst.

Ytri Deildará er mun frjósamari en Fremri Deildará og kemur munurinn á þessum tveimur ám best í ljós þegar árferði er slæmt. Þar koma til áhrif Ytra Deildarvatns og stærð árinnar, minni hæð yfir sjó og írennslí úr litlum tjörnum og vötnum á nokkrum stöðum. Því hafa köld sumur ekki jafn mikil áhrif þar og í Fremri Deildará.

Mjög hefur dregið úr vexti seiða í Fremri Deildará síðan 1993, sem kemur m.a. fram í því hve mikil fannst þar nú af 3+ og eldri seiðum í rafveiðunum. Seiði þessara árganga hafa líklega fæst náð nægum þroska til að ganga til sjávar sumarið 1995, en hægur vöxtur þeirra er að hluta til afleiðing kaldra og stuttra sumra, en einnig ber að hafa í huga að þessi árgangur var mjög áberandi í rafveiðunum 1993, þá sem 1+. Mikill þéttleiki leiðir af sér hægan vöxt og aukin afföll, einkum þegar ytri skilyrði versa.

Ekki verður séð að gönguhindrunin í Ytri Deildará hafi haft neikvæð áhrif á laxastofn Fremri Deildarár. Í slæmu tíðarfari undansfarandi ára hefur hinsvegar laxastofn fremri árinnar liðið meira en laxastofn ytri árinnar, gönguseiðaframleiðsla hefur farið minnkandi og ferskvatnsdvöl lengst. Verði tíðarfari gott næsta sumar má þó búast við góðri gönguseiðaframleiðslu í Fremri Deildará, en síðan gæti dregið aftur úr henni sumarið 1997.

Í Ytri Deildará hefur einnig dregið tölувert úr vexti seiða. Í rafveiðunum 1993 kom í ljós að 1+ árgangurinn var tiltölulega öflugur neðan til í ánni (staðir 6 og 7), en þetta er sá árgangur sem nú er 3+. Töluvvert hefur orðið eftir af þessum seiðum í ánni nú, en þó gæti gönguseiðaframleiðslan hafa orði góð sumarið 1995. Ekki er annað að sjá en að forsendur séu til að svo gæti orðið áfram næstu árin.

Laxveiðin í Deildará var mjög góð árin 1992 og 1993 og reyndar varð metveiði í ánni síðara árið. Árið 1994 var meðalveiði í ánni þrátt fyrir mjög óhagstætt tíðarfari sumarið 1993. Þrátt fyrir mjög sein sumur og köld vor 1994, og einkum þó 1995, bendir ekkert til annars en að laxastofnar Deildaráanna séu tiltölulega sterkir og því eru forsendur til þess að veiði geti haldist tiltölulega góð næstu árin, verði tíðarfari skaplegt. Ekki er hægt að sjá að gönguhindrunin í Ytri Deildará hafi neikvæð áhrif á viðgang laxastofns Fremri Deildarár. Óeðlilega lágt hlutfall stórlaxa í veiðinni síðustu tvö sumur gæti reyndar bent til að grindurnar bjóni ekki tilgangi sínum, a.m.k. ekki framan af göngutímanum þegar stórlaxinn gengur mest. Það mælir ekkert gegn því að áfram verði haldið á sömu braut, en líklega er rétt að vanda meira til niðursetningar gönguhindrunarinnar og reyna að koma henni fyrir fyrir á vorin eigi hún að koma að fullum notum.

## Heimildir

Guðni Guðbergsson, 1995. Laxveiðin 1994. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-R/95008.

Tumi Tómasson, 1990. Athugun á fiskastofnum Deildarár og Deildarvatns 1990. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/90013X.


Tumi Tómasson, 1993. Deildarár 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/93012.

**Tafla 1.** Skráð stangaveiði í Deildará 1987-1995 (samkvæmt skýrslum Veiðimálastofnunar eftir Guðna Guðbergsson og fleiri)


Ár	Laxveiði			Bleikja	Urriði
	Smálax	Stórlax	Samtals		
1995	174	33	207	43	66
1994	122	51	173	87	46
1993	284	107	391	25	84
1992	238	43	281	17	29
1991	48	40	88	15	10
1990	101	41	142	1	3
1989	116	29	145	6	6
1988	115	57	173	54	139
1987	102	76	178	21	3

**Tafla 2.** Fjöldi veiddra seiða í rafveiðum í Deildará 9-11/8 1995.

Staður	Stærð m <sup>2</sup>	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m <sup>2</sup>					bleikja	urriði
		lax	0+	1+	2+	3+/4+		
0	50x5	3.6	3.6	4.0	4.4	-	3.2	
1	30x6	0.6	1.7	4.4	8.9	-	5.0	
2	40x8	0.9	2.2	0.6	5.3	-	0.3	
3	40x7	1.4	6.1	-	5.0	0.7	0.4	
4	40x7	1.4	8.2	1.1	3.9	1.4	6.1	
5	27x8	8.8	20.4	8.8	4.2	-	1.4	
6a	25x10	9.2	9.2	2.0	0.8	-	0.4	
6	20x12	5.0	8.3	6.2	4.6	-	1.2	
7	30x11	0.3	2.7	10.0	7.3	-	0.6	











**Mvnd 1.** Yfirlitskort af vatnasvæði Deildarár. Rafveiðistaðir 9. og 11. ágúst 1995 eru merktir inn á kortið og þeir kaflar sem bjóða upp á best uppedisskilyrði fyrir laxaseiði.



**Mynd 2.** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Deildará 9. og 11. ágúst 1995.

FJÖLDI



LENGTH /cm

Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í rafveiðum í Deildará 9. og 11. ágúst 1995.